



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
25. árgangur
Desember 2022

Gleðileg jól!

Sjáumst á fjöllum



Bækur og bókapakkar
Fræðslurit og kort
Ársaðild að Ferðafélagi Íslands
Fjallaverkefni og gjafabréf

**BÆKUR OG
GJAFABRÉF Í
JÓLAPAKKANN**

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS



GJAFABRÉF

Í SKÓGARBÖÐIN ER FRÁBÆR GJÖF

AÐGANGUR FYRIR EINN | 5.990

AÐGANGUR FYRIR TVÖ | 11.980

AÐGANGUR FYRIR TVÖ OG TVEIR DRYKKIR | 14.300

UPPHÆÐ AÐ EIGIN VALI



Gjafabréfin fást á
www.forestlagoon.is
og í afgreiðslu Skógarbaðanna



Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - ein@ein.is
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:
Prentmet Oddi

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið



Efnisyfirlit

- 6** Mínar síður fyrir félagsmenn Einingar-Íðju
- 6** Opnunartími um jól og áramót
- 8** Áfram afsláttarkjör hjá Niceair
- 10** Orlofsferðir Einingar-Íðju á árinu 2023
- 10** Niðurstöðurnar nýttar til hagsbóta...
- 12** Félagsmannasjóður
- 12** Útborgun 30. desember 2022
- 13** Fræðsluátaki vegna Covid lýkur senn
- 14** Eining-Íðja styrkir Velferðarsjóðinn á Eyjafjarðarsvæðinu
- 16** Íslandsmeistarinn Gunni Magg
- 17** Takið kvöldin frá!
- 18** Viljum ná til allra
- 18** Heimasíðan er á 12 tungumálum
- 19** Nauðsynlegt fyrir nýbúa að læra íslensku
- 20** Kræsingar frá Strikinu
- 22** Námskeið á næstunni
- 22** Viðhorfskönnun meðal dvalargesta...
- 23** Ábyrgðin er þín!
- 23** VelVirkt – Jólin
- 23** Desemberuppbót 2022
- 24** Miscellaneous information
- 25** Betri vinnutími í vaktavinnu...
- 26** VIRK starfsendurhæfingarsjóður
- 26** Kíkt í Flateyjardal
- 27** Nýr umsjónarmaður á Illugastöðum
- 27** Ferðaávisun
- 28** 37. þing AN
- 28** Laun um jólin
- 29** Fjölsmiðjan 15 ára
- 29** Trúnaðarmannanámskeið á vorönn
- 30** Rózne informacje
- 32** Vetrarleiga orlofshúsa
- 33** Jólakrossgátan
- 34** Verðlaunagetraun
- 34** Ekki segja upp í veikindum

*Starfsfólk Enor
óskar félagsmönnum Einingar-Íðju
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*

10 ENOR
2012 - 2022

Hafnarstræti 53
600 Akureyri

S. 430 1800
E. enor@enor.is

www.enor.is

GLEÐILEG JÓL

Við þökkum
viðskiptin á árinu
sem er að líða



FALLOORKA
RAFMAGN Í HEIMABYGGÐ

GJAFAKORT GLERÁRTORGS

TILVALIN GJÖF VIÐ ÖLL
TÆKIFÆRI!

GJAFAKORTIN GILDA
Í YFIR 30 VERSLANIR
OG VEITINGASTAÐI Á
GLERÁRTORGI.

PANTAÐU GJAFAKORT Á [GLERARTORG.IS](https://www.glerartorg.is)



GLERÁRTORG

Mínar síður fyrir félagsmenn Einingar-Iðju


Nú hefur Eining-Iðja opnað fyrir „Mínar síður“ á heimasíðu félagsins, www.ein.is. Þar geta félagsmenn skráð sig inn og séð ýmsar upplýsingar um sig sem félagið hefur, séð punktastöðu sína, skoðað og sótt um orlofshús og séð greiðslur frá félaginu. Einnig getur félagsmaður nú skoðað og sótt um rafrænt þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði.

Við hvetjum félagsmenn til að skrá sig inn til að prófa síðuna. Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna þá er starfsfólk félagsins boðið og búið að aðstoða ykkur. Félagsmenn, skoðið vel og lagið ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

Til að skrá sig inn þarf að smella á hnappinn „Mínar síður“ sem finna má svo að segja efst og til hægri á heimasíðu félagsins og skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.

Á mínum síðum geta félagsmenn t.d.:

- Sótt um styrki
- Séð stöðu umsókna
- Uppfært persónuupplýsingar
- Skoðað áður afgreiddar umsóknir



Félagar!

Endilega skráið
tölvupóst og síma á
MÍNAR SÍÐUR

- við viljum geta sent
mikilvægar upplýsingar
til ykkar!



Opnunartími um jól og áramót

Um jól og áramót verður skrifstofa félagsins á Akureyri opin á venjulegum opnunartíma.

Skrifstofan á Dalvík verður lokuð 23. og 27. desember.

Skrifstofan í Fjallabyggð verður lokuð 27. og 30. desember.

Mánudaginn 2. janúar verður lokað á öllum skrifstofum félagsins en við opnum aftur á hefðbundnum tíma þriðjudaginn 3. janúar 2023.





Pacta.

Njótum aðventunnar

Við hjá Pacta óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hátíðarkveðjur.
Starfsfólk Pacta



Áfram afsláttarkjör hjá NICEAIR

- Tvö niðurgreidd gjafabréf í boði frá áramótum -

Síðastliðið sumar gerðu Eining-löjja og Niceair með sér samkomulag um tíma-bundin afsláttarkjör til áramóta á gjafa-bréfum hjá Niceair til félagsmanna Einingar-löjju. Hver félagsmaður getur keypt eitt niðurgreitt gjafabréf á þessu tímabili og voru félagar duglegir að nýta sér þessi góðu kjör.

Nú er búið að endurskoða samninginn og framlengja hann með smá breytingu. Hver félagsmaður mun frá næstu áramótum geta keypt tvö gjafabréf á ári, sem er sparnaður upp á kr. 20.000. Fyrir hvert bréf er greitt kr. 22.000 en virði gjafabréfsins er kr. 32.000 og er því afslátturinn kr. 10.000 á gjafabréf.

Gjafabréfin verða áfram seld í gegnum orlofs-vef Einingar-löjju sem finna má á www.ein.is.

Hægt er að nýta gjafabréfin til kaupa á flugfargjaldi og annarri bókuþjónustu hjá Niceair í gegnum bókuarsíðu félagsins www.niceair.is

Gleðilegt

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löjju, segir það gleðilegt að félagsmenn hafi verið duglegir að nýta sér þessi góðu afsláttarkör hjá Niceair. „Eins og ég sagði þegar við skrifuðum undir í upphafi er gott að stuðla að því að fyrirtæki í heimabyggð, eins og þetta, gefi okkar félagsmönnum tækifæri til að fá aðeins ódýrara flug. Þá var ég bjartsýnn á að félagsmenn myndu nýta sér þetta tækifæri og raunin varð einmitt sú. Ég er viss um að það muni halda áfram, ekki síst eftir að við ákváðum að bæta í og hafa í boði tvö niðurgreidd gjafabréf, á hvern félagsmann á ári. Þetta er auðvitað kostnaður fyrir félagið en við fáum líka góðan afslátt frá Niceair á móti. Þeir eru að gera þarna góða hluti og vonandi gengur þetta áfram vel og að

okkar félagsmenn haldi áfram að nýta sér vel þessa góðu kjarabót sem samningurinn er að tryggja þeim.“

Fjórir áfangastaðir

Niceair hefur verið starfrækt síðan í júní á þessu ári og flýgur nú til Kaupmannahafnar og Spánar frá Akureyri. Fleiri áfangastaðir eru í bígerð fyrir 2023 en á bókuarsíðu þeirra kemur fram að flug til Düsseldorf muni hefjast 6. maí 2023 og að flug til Alicante verði í boði á tímabilinu 11. apríl til 24. maí 2023. Nú þegar er hægt að bóka í flug á þessa staði.

Í tilkynningu sem félagið sendi nýverið frá sér segir að verkefni félagsins er fyrst og fremst að auka aðgengi erlendra ferðamanna að Norður- og Austurlandi auk þess að þjónusta íbúa þeirra landshluta. Starfsemin hefur verið í takti við væntingar, en sætanýting frá upphafi er 68% og hefur félagið flutt um 25 þúsund farþega. Hlutfall erlendra ferðamanna í október 2022 var um 22% og hefur farið stig vaxandi frá upphafi.“





Gjafakort Landsbankans

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á landsbankinn.is.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Við sendum landsmönnum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári með þökkum fyrir áhorfið á árinu sem er að líða

FYLGSTU MEÐ!

N4 ER ÞAR SEM ÞÚ VILT
- ÞEGAR ÞÚ VILT



www.n4.is

Tímaflakk

N4sjonvarp

N4sjonvarp

N4 blaðið

N4 hlaðvarp

N4

Leiðandi á
landsbyggðunum

N4, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri — n4@n4.is — 412 4402

Orlofsferðir Einingar-löju á árinu 2023

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Undanfarin ár hafa verið í boði tvær til þrjár ferðir. Á næsta ári verða í boði tvær ferðir og má nánar lesa um þær hér fyrir neðan.

Fjallaferð

Bárðardalur-Laugafell-Skagafjörður

Farið verður í dagsferð um Bárðardal inn í Laugafell og niður í Skagafjörð laugardaginn 26. ágúst 2023. Hámarksfjöldi er 90 manns.

Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.

Farið verður með rútu frá Akureyri kl. 9:00.

Leiðsögumaður verður með í för.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.

Innifalið er akstur, grillmat, safar og meðlæti.

Eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn

Húnavatnssýslur-Skagafjörður

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin fimmtudaginn 22. júní 2023. Lagt verður af stað kl. 9:00 frá Akureyri vestur í Húnavatnssýslur. Farinn verður Vatnsdalshringurinn og síðan

farið að Þingeyrum. Farið verður til Skagastrandar og síðan ekið yfir Þverárfjall til Sauðárkróks og þaðan yfir Öxnadalshéið heim.

Snæddur verður hádegisverður á Blönduósi og kaffi drukkið í Skagafirði.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.

Skráning í ferðirnar

hefst **þriðjudaginn 3. janúar 2023**

á skrifstofum félagsins á Akureyri,

á Dalvík og í Fjallabyggð,

í síma **460 3600** eða með

því að senda póst á netfangið

ein@ein.is

Niðurstöðurnar nýttar til hagsbóta fyrir félagsmenn

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Gallup framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör, viðhorf og aðstæður félagsmanna þessara tveggja félaga. Um er að ræða sambærilega könnun og gerð hefur verið fyrir félagin sl. ellefu ár. Þegar blaðið fór í prentun lágu helstu niðurstöður ekki fyrir en verða birtar inn á heimasíðu félagsins fyrir jól. Það er alltaf fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu ára og sjá hvort miklar breytingar hafi átt sér stað. Síðustu ár hefur verið mikil ánægja með þjónustu Einingar-löju og félagið sjálft. Í fyrra voru ríflega 80% svarenda sem sögðust vera sáttir við Einingu-löju og nærri átta af hverjum tíu voru ánægð með þjónustuna.

Í könnuninni voru margir þættir kannaðir, m.a. um heildarlaun og dagvinnulaun, vinnutíma, vinnuálag, launaseðla, áherslur félagsins og ýmislegt í starfsumhverfinu. Könnunin fór þannig fram að 3.000 félagsmenn voru valdir handahófskennt úr félagaskrár þessara tveggja félaga, 1.500 frá hvoru félagi. Það er áriðandi

að fá sem nákvæmastar niðurstöður þegar slík könnun er framkvæmd, helst að fá alla til að svara, svo hægt sé að nýta niðurstöðurnar í þágu þekkingar og til hagsbóta fyrir félagsmenn. Þeirra upplýsingar skipta miklu máli!

Rannsókn sem þessi er afar gagnleg og getur félagið stuðst við niðurstöðurnar á mörgum sviðum. Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem þátt tóku í launakönnun félagsins í ár.

Líka happdrætti

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréfinu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Þegar blaðið fór í prentun var ekki búið að draga, en nöfn heppinna félagsmanna sem dregin verða út verða birt á heimasíðu félagsins.

Vinningar ársins voru

Tveir vinningar að upphæð kr. 150.000, eitt stk. á hvort félag.

Tveir vinningar að upphæð kr. 50.000, eitt stk. á hvort félag.

Fjórir vinningar, vikudöl í orlofsíbúðum félaganna. Tvö stk. á hvort félag.

Einnig lentu 20 þátttakendur strax í happdrættispotti, 10 frá hvoru félagi, voru í raun dregnir út áður en þeir svöruðu. Hinir heppnu vinningshafar fengu tilkynningu um það um leið og þeir höfðu lokið við að svara könnuninni. Um var að ræða kr. 15.000 inneign á debetkorti sem þeir nálgudust á skrifstofu félagsins á Akureyri.

Síðustu tvö ár tóku allir tíu þátt þannig að allir vinningarnir gengu út, ólíkt árunum þar á undan. T.d. árið 2019 þá svöruðu aðeins sjö þeirra sem dregin voru út sem þýddi því miður að þrjú félagsmenn Einingar-löju misstu af því að fá vinning upp á kr. 15.000 og sex árið 2018. Það getur borgað sig að taka þátt!

Eining-löja óskar vinningshöfum til hamingju og þakkar þeim fjölmörgu sem gáfu sér tíma til að taka þátt.

GALLUP

VANTAR ÞIG PRENTUN?

Þú finnur okkur í Glerárgötu 28, Akureyri.
Við gerum tilboð í alls kyns prentverk,
stór og smá.

akureyri@prentmetoddi.is



DAGATÖL • LÍMMIÐAR • MATSEÐLAR • NAFNSPJÖLD • STIMPLAR • UMBÚÐIR • BÆKLINGAR • BOÐSKORT • REIKNINGAR



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

📍 Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📞 4 600 700

📧 prentmetoddi.is



Fékkst þú sjóðfélagayfirlit?

- Það er mikilvægt að bera iðgjaldagreiðslur saman við launaseðla.
- Athuga þarf hvort launagreiðandi skili inn mótframlagi í samræmi við kjarasamning.
- Á nýjum vef sjóðfélaga er hægt að skoða iðgjöld og útsend yfirlit.

Hafðu samband við okkur ef iðgjöld vantar eða þú hefur ekki fengið yfirlit en telur að vinnuveitandi hafi átt að skila til Stapa.

Lífeyrisréttindi grundvallast af þeim iðgjöldum sem skila sér til sjóðsins.

Félagsmannasjóður - eru þínar upplýsingar réttar?


Félagsmenn sem starfa eða hafa starfað hjá sveitarfélögum frá 1. febrúar 2020 athugið!

Í síðasta kjarasamningi við sveitarfélögin var samið um og stofnaður sérstakur félagsmannasjóður. Atvinnurekandi greiðir mánaðarlegt framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna og er greitt úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert. Grein 13.8 í samningi Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallar um félagsmannasjóðinn.

Frá því sjóðurinn var stofnaður hefur Starfsgreinasambandið haldið utan um starfsemi sjóðsins og greiðslur félagsmanna því farið til sambandsins. Sambandið hefur einnig séð um að greiða úr sjóðnum ár hvert. Ákveðið var í byrjun september að Starfsgreinasambandið hætti að sjá um þetta og að hvert félag eigi að sjá um sjóðinn fyrir sína félagsmenn. Því mun Eining-löja sjá um þessar greiðslur til sinna félagsmanna frá 1. febrúar 2023.

Forsenda þess að hægt verði að greiða úr sjóðnum er að Eining-löja hafi kennitölu, bankaupplýsingar, síma og netfang félagsmanna sem starfa nú eða störfuðu hjá sveitarfélagi frá 1. febrúar 2020.

Á heimasíðu félagsins svo að segja efst og til hægri, www.ein.is, má finna hlekkinn Mínar síður. Þar skrá félagsmenn sig inn á Mínar síður, með rafrænum skilríkjum og þar er m.a. hægt að kanna hvort félagið sé með réttar bankaupplýsingar um viðkomandi félagsmann og lagfært ef þörf krefur. Ef einhver kemst ekki inn á síðuna þá má endilega láta vita með því að senda tölvupóst á rosfrid@ein.is



Til að kanna þínar upplýsingar þá smellir þú á örina niður sem er efst á síðunni, hægra megin við nafnið þitt. Þá birtist flípi og þar smellir þú á UPPLÝSINGAR. Þar sérðu og getur breytt upplýsingum um þig.



Sjúkrasjóður og fræðslusjóðir Einingar-löju Útborgun 30. desember 2022

Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 30. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári.

Í desember þarf að skila inn gögnum fyrr en venjulega.

Til að ná útborgun 30. desember þarf að skila gögnum til félagsins í síðasta lagi 20. desember. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2023.

Fræðsluátaki vegna Covid lýkur senn

Vert er að minna á að 31. desember nk. er lokadagsetning átaks sem fræðslusjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt hafa verið með vegna Covid frá því í mars 2020. Átakið fól m.a. í sér að reglur um almennar styrkveitingar voru rýmkaðar og hækkaði endurgreiðsluhlutfall styrkja úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga.

Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

Frá því átakið hófst hafa stjórnir sjóðanna nokkrum sinnum ákveðið að framlengja það. Þegar blaðið fór í prentun var ekki búið að taka ákvörðun um hvort því verði framhaldið, þ.e. hvort úthlutunarreglum verði eitthvað breytt eða hvort lokadagsetning þess verði færð fram á næsta ár.

Almennt um skilyrði fyrir umsókn

Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 24 og greitt til aðildarfélags sjóðanna á þeim tíma á rétt á stuðningi til náms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.

Við ákvörðun upphæðar er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða meira gefur fulla styrkupphæð.

Nánari upplýsingar

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, starfsmaður félagsins, adalbjorg@ein.is eða 460 3600, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar um sjóðina á heimasíðu félagsins, www.ein.is undir sjóðir og styrkir og á heimasíðum sjóðanna www.landsmennt.is, www.rikismennt.is og www.sveitamennt.is.

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni, um



er að ræða stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS. Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS

Við óskum Norðlendingum & landsmönnum öllum farsældar á komandi ári.



Við höfum opnað fyrir skráningar í nám á vorönn 2023

Enska - Help start

Félaggliðagátt

Leikskólaliða- og Stuðningsfulltrúabrá

Málmsuða - Tig suða

Menntastoðir

Íslenska sem annað mál

Stök námskeið

Dórsstíg 4 • 600 Akureyri • Sími 460-5720 • SIMEY.IS



Eining-löjja styrkir Velferðarsjóðinn á Eyjafjarðarsvæðinu

Nýlega afhenti Eining-löjja Velferðarsjóðnum á Eyjafjarðarsvæðinu 1,1 milljón króna í styrk. Félagið hefur í mörg ár styrkt Jólaaðstoðina, samstarfverkefni Mæðrastyrksnefndar, Rauða krossins, Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins á Akureyri sem hefur staðið yfir frá árinu 2013. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel og ákváðu félögin í fyrria að stofna Velferðarsjóð Eyjafjarðarsvæðis og er samstarfið nú á ársgrundvelli en ekki einungis fyrir jólin.

Um miðjan nóvember hófst fjárfloflun vegna jólaaðstoðarinnar og á sama tíma opnaði sjóðurinn nýja heimasíðu, www.velferdey.is, þar sem má nálgast upplýsingar um velferðaraðstoð sem sjóðurinn veitir, til að byrja með er áhersla lögð á að kynna jólaaðstoðina 2022. Rafrænar umsóknir um jólaaðstoð fara í gegnum síðuna og vonast sjóðurinn að rafrænar umsóknir geri ferlið auðveldara fyrir alla sem málið varðar. Með tímanum má svo búast við frekari upplýsingum á síðunni, til dæmis um bjargráð og aðra aðstoð sem í boði er hér á svæðinu.

Markmið verkefnisins er að styðja efnaminni fjölskyldur og einstaklinga á Eyjafjarðarsvæðinu og kemur fram á

heimasíðunni að sófnunarféð er notað til kaupa á gjafakortum sem einstaklingar geta verslað mat fyrir. „Samtals fengu 410 fjölskyldur og einstaklingar jólaaðstoð árið 2021. Á árinu 2022 hefur orðið mikil fjölgun umsókna og búast má við því að jólaaðstoðin verði engin undantekning á því. Mörg heimili á Eyjafjarðarsvæðinu eru illa stödd fjárhagslega og þurfa á aðstoð að halda. Því má gera ráð fyrir miklum fjölda umsókna um jólaaðstoð árið 2022. Stjórn velferðarsjóðsins þakkar fyrirtækjum, einstaklingum og samtökum fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum árin og vonast eftir góðum viðtökum þetta árið,“ segir jafnframt á síðunni.

Rétt er að vekja athygli á því að þessir aðilar aðstoða fólk um allan Eyjafjörð, frá Fjallabyggð að Grenivík.

Þau sem vilja styrkja jólaaðstoð Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis er bent á sófnunarreikning og kennitölu Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis.

Kt. 651121-0780

Rn. 0302-26-003533

Bestu óskir um gleðileg jöl og farsælt komandi ár



NORÐJENSKA



AKUREYRAR APÓTEK



Alþýðusamband Íslands

Deloitte.



EYJAFJARÐARSVEIT

HVAMMUR
FASTEIGNA/SKIPASALA

form

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099



GEIMSTOFAN

AUGLÝSINGASTOFA / SKILTAGERÐ

BÍLALEIGA
AKUREYRAR

Europcar



GJÖGUR HF
GRENIVÍK



Grýtubakkahreppur

GALLUP

TIL AÐ VERA VISS



SAMHERJI HF



Krambúðin

SBA-NORÐURLEIÐ



Kaupfélag Skagfirðinga

RAFEYRI
alltaf í stúði!
LÖGGILTIR RAÐVERKTAKAR



STEINULL HF



NORÐURORKA
VIRÐING - FAGMENNSKA - TRAUST



Tanni ferðapjónusta ehf

STRIKIÐ

RESTAURANT & BAR

tréverk ehf.

Grundargötu 8-10 - Dalvík - Sími 466 1250



PRENTPJÓNUSTA
TUNNAN

S. 467-1288

www.tunnan.is

tunnan@tunnan.is


PRENTUN - ÚTGÁFA - PAPPÍR - VERSLUN



ÚTILEGU
KORTIÐ



Verkval ehf.



EIGNAVER
FASTEIGNASALA

sæplast®

ÆVAR & BÓAS
DALVÍK
466 1597 • 898 3345



Hörgársveit

- Fjölskylduáænt samfélag



FLUGKAFFI



advania

VERKFÆRA
SALAN

HMS

Íslandsmeistarinn Gunnar Magg

Ritari í stjórn félagsins, Gunnar Magnússon, náði sér í annan titil í haust er hann var krýndur Íslandsmeistari í sjóstöng. Þetta var átjándi sumarið sem Gunnar keppir í þessu sporti og segir að á þeim tíma hafi hann veitt á rúmlega 80 mótum, gist að heiman vegna þeirra meira en hálf tít ári og keyrt meira en 56.000 kílómetra. „Á þessum tíma hef ég veitt með nálægt 130 veiðimönnum, landað nærri 18.000 fiskum samtals tæplega 38 tonn-um. Átta sinnum hef ég veitt meira en tonn á einu móti en það minnsta sem ég náði í borgar sig varla að segja frá, aðeins rétt tæplega 80 kíló.“

Gott korter

Spurður um upphafið á hans ferli í sjóstangveiði segir Gunnar að hann hafi farið í þrjú ár sem aðstoðarmaður á slíku móti á Siglufirði og Dalvík. „Rúmri viku eftir Dalvíkurmótið 2004 fór ég með þremur félögum á sjó. Þar æfðum við

okkur í gott korter, jafnvel 20 mínútur, og töldum okkur þar með vera tilbúna til að taka þátt í landsmóti í sjóstangveiði. Við höfum séð á mótum að það var fjöldi verðlauna í boði og það hlyti að vera möguleiki á að vinna til einhverra þeirra. Við ákváðum líka að taka þátt í að minnsta kosti þremur mótum saman sumarið eftir til að afla stiga til Íslandsmeistara sveita. Til að gera langa sögu stutta komumst við að því á okkar fyrsta móti að það var eitt af því fáa sem var ekki verðlaunað fyrir.“

Næstum því 18

Gunnar segir að á þessum árum hafi hann veitt 17 fiskitegundir. „Ég náði reyndar þeirri átjándi í haust og ætlaði að færa hana upp á virinn og leggja hana inn. Þetta var silungur, svona 4 til 5 pund, stórbæting á Íslandsmeti. Veiðifélagarnir sáu á því ýmis tormerki, væntanlega vegna þess að það var greinilega búið að veiða fiskinn áður þar sem búið var að taka af honum bæði flökin,“ segir Gunnar og hlær og

bætir við að sumarið í ár hafi verið hans albesta vertíð. „Ég er strax orðinn spenntur eftir næstu vertíð næsta sumar.“





Takið kvöldin frá!

Vert er að setja eftirfarandi dagsetningar á minnið.

Fundir í svæðisráðum verði haldnir dagana 23., 24. og 25. janúar 2023, nánari staðsetning verður auglýst er nær dregur.

Aðalfundir deilda verða miðvikudaginn 8. febrúar á Hótel KEA

Aðalfundur félagsins verður miðvikudaginn 26. apríl í Hofi á Akureyri.

Aðalfundir deilda og aðalfundur félagsins munu hefjast kl. 19:30.



Óskum viðskiptavinum okkar **gledilegra jóla** og farsældar á komandi ári. Þökkum samskiptin á liðnu ári

Pólýhúðun

Akureyri Draupnigötu 7m | Sími 462 6600
polyak@simnet.is | polyak.is

Óskum starfsfólki okkar og viðskiptavinum **gledilegrar jólahátíðar** og þökkum samstarfið á liðnum árum

DAGSKRÁIN
VIKUBLAÐIÐ

Óskum starfsfólki og viðskiptavinum **gledilegrar jólahátíðar** og þökkum samfylgdina á árinu sem er að líða

Hreint
RESTING

Viljum ná til allra

Nýlega stóð Akureyrar akademían fyrir málþingi um íslensku kennslu fyrir erlent fólk sem kemur til landsins bæði sem innflytjendur og einnig það fólk sem kemur hingað til að vinna um skemmri eða lengri tíma. Þar var Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, einn af frummælendum við erindið Hvað er verið að gera í fræðsluferfinu og hjá aðilum vinnuarkæðarins hér á Akureyri til að auka færni innflytjenda í íslensku? Einnig tók hann þátt í pallborðsumræðu um málið.



Björn Snæbjörnsson,
formaður Einingar-löju.

Í máli hans kom m.a. fram að um aldarmótin var samið um að gera átak í að starfsfólk hefði meiri möguleika á að sækja sér nám og námskeið. „Atvinnurekendur greiða í sjóði sem fólk getur sótt í fyrir námsstyrkjum. Félagsmenn sem hafa annað móðurmál en íslensku geta nú sótt um allt að 90% styrk í þessa sjóði vegna íslenskunáms eftir aðeins eins mánaðar félagsaðild, en almenna reglan er að félagsmaður þarf að hafa greitt til félagsins í 6 mánuði til að fá styrk.“

Félagið er með samning við SÍMEY um að greiða það sem uppá vantar, þannig að námið er félagsmönnum að kostnaðarlausu. „Í raun borgar félagið allt og sækir um fyrir hönd sinna félagsmanna í sjóðina. Önnur félög hafa samið um þetta með svipuðum hætti og því ljóst að viljinn til að koma sérstaklega til móts við erlenda félagsmenn varðandi íslensku kennslu er mikill,“ sagði Björn og bætti við að félagið hvetji félagsmenn af erlendum uppruna til að fara í íslenskunám á margan hátt. „Við gefum út auglýsingar um slíkt nám á fleiri en einu tungumáli, bendum þeim félagsmönnum sem leita til okkar á þennan möguleika og erum einnig í samstarfi við SÍMEY þar sem Eining-

löja heldur fræðslu fyrir erlenda félagsmenn um réttindi og skyldur þeirra á vinnuarkæði, ásamt því að upplýsa hópinn um möguleikann á og kosti þess að sitja íslensku námskeið á þeirra vegum.“

Eining-löja leggur mikla áherslu á að ná til allra félagsmanna. „Við auglýsum á ensku og pólsku og erum með upplýsingar í félagsblaðinu á nokkrum tungumálum. Heimasíðuna má þýða yfir á mörg tungumál. Gefum út bækling á 11 tungumálum, nú síðast á úkraínsku, þar sem m.a. hlutverk stéttafélaga er útskýrt, fjallað stuttlega um sjóði félagsins og styrki og margt fleira sem hefur skilað okkur þeim ánægjulega-árangi að erlendir félagsmenn leita til okkar meira en áður. Á mörgum fundum er áhersla lögð á að til staðar sé túlkur eða túlkar þegar á þarf á að halda. Félagið heldur úti vinnustaða-efirliti sem fer á vinnustaði og kemur þannig

m.a. upplýsingum til fólks um réttindi þeirra og skyldur. Þessar heimsóknir hafa hjálpað mjög mörgum.“

Öllum til hagsbóta

Björn sagði að staðreynd málsins væri þó sú að þó margt sé gert til að auðvelda upplýsingaflæði til fólks af erlendum uppruna, þá þarf að gera átak í málefnum fólks með annað móðurmál en íslensku og gera þau hæfari til að aðlagast okkar þjóðfélagi og okkar menningu og við gerum það best með því að auðvelda þeim leiðina að því að læra íslensku. „Oft hef ég fengið að heyra frá mínu félagsfólki að það hafi ekki kraft til að sitja kvöldnámskeið, jafnvel kvöld eftir kvöld, eftir að vera búin að vinna 8 til 10 tíma vinnudag. Ljóst er að auðvelda þarf fólki að sækja íslensku námskeið á vinnutíma. Það þarf að fá stjórnvöld og atvinnurekendur með í átak sem miðar að því að atvinnurekandi veiti starfsmönnum leyfi frá vinnu til að fara á námskeið, stjórnvöld taki svo þátt með að endurgreiða atvinnurekanda þau laun og þann kostnað sem verður vegna þeirra sem fara í íslenskunám á vinnutíma.“

Björn bætti við og sagði að íslensku kunnátta einstaklingsins verður ekki aðeins honum sjálfum til hagsbóta heldur öllu samfélaginu. „Viðkomandi kemst fljótar inn í samfélagið, aðlagast betur umhverfinu og möguleikar fyrir viðkomandi verða mun fleiri, hvort sem það er á vinnuarkæði eða annars staðar í þjóðfélaginu. Það á og verður að vera okkar krafa að stjórnvöld og atvinnurekendur aðstoði við þessi mál. Að koma því í kring að auðvelda fólki aðgengi að íslensku námi.“

Erindið í heild má finna á www.ein.is

Heimasíðan er á 12 tungumálum

Vert er að benda á að með því að nota Google þýðingarhnapp, sem staðsettur er efst til hægri á heimasíðu félagsins www.ein.is, er möguleiki á að skoða síðuna á 12 tungumálum. Þegar búið er að velja tungumál þá birtist allur texti sem finna má á heimasíðunni á viðkomandi tungumáli.

Ákveðið var að setja slíkan hnapp á síðuna til hægðarauka fyrir félagsmenn. Auðvitað er hægt að þýða allar síður á mjög mörg tungumál með google translate en ekki kunna allir að gera slíkt.

Eftirfarandi tungumál eru í boði: Arabíska, Danska, Enska, Norska, Litháíska, Pólska, Rúmenska, Spænska, Tailenska, Víetnamíska og Þýska.



Nauðsynlegt fyrir nýbúa að læra íslensku

Bethsaida Rún Arnarson fluttist til Akureyrar frá Filippseyjum fyrir nærri þremur áratugum. Hún vissi lítið um fiskvinnslu en ákvað að sækja um vinnu hjá Útgerðarfélagi Akureyringa og hefur starfað þar öll árin sín á Íslandi, fyrir utan tvö. Bethsaida segir allan aðbúnað starfsfólks ÚA vera til fyriryndar og hafi tekið miklum framförum á þessum nærri þremur áratugum.

Réði sig annað en sneri til baka

„Frænka mín vann hjá ÚA og það var hún sem benti mér á að sækja um starf hérna og ég var sem sagt ráðin. Líklega eru um tuttugu Filippseyingar sem starfa hérna og við erum meira að segja þrjár systur í þeim hópi, auk þess sem tveir synir mínir vinna líka hérna. Það segir okkur að ÚA telst örugglega vera góður vinnustaður, fyrst svona margir úr fjölskyldunni hafa ráðið sig hingað. Á ákveðnum tímapunkti vildi ég skipta um starfsvettvang og réði mig

annað en eftir tvö ár var ég komin til baka, sem segir okkur líka að hérna er gott að vera,“ segir Bethsaida.

Aukin sjálfvirkni

„Já vinnustaðurinn hefur breyst mikið á þessum nærri þrjátíu árum, það er ábyggilegt. Þegar ég byrjaði var vinnan nokkuð líkamlega erfið en með árunum hefur sjálfvirknin aukist mikið og tækjabúnaður gerir flest störf líkamlega auðveldari. Tæknin hérna er rosalega flott og Íslendingar eru örugglega ansi framarlega á þessu sviði. Öryggismálin eru líka allt önnur en í byrjun, breytingarnar í þeim eignum eru mjög til betri vegar og velferð starfsfólksins alltaf í fyrirrúmi.“

Íslenskukunnáttan nauðsynleg

Bethsaida hefur mjög gott vald á íslensku. Samherji hvetur nýbúa til að sækja íslenskunámskeið og greiðir félagið námskostnaðinn.

„Maðurinn minn er íslenskur og þess vegna

fór ég svo að segja strax á íslenskunámskeið fyrir nýbúa eftir komuna til landsins. Ég mæli hiklaust með slíkum námskeiðum, enda nauðsynlegt að tala og skilja mál innfæddra, sama hvar maður býr í heiminum ef út í það er farið. Ég les auk þess töluvert, bæði dagblöð og bækur. Síðan er ég í félagsstörfum og vegna þeirra þarf ég að lesa nokkuð og það efni er yfirleitt á íslensku. Íslenskan er vissulega svolítið erfið en mér gekk alveg ágætlega að ná tökum á málinu og fyrir það er ég þakklát.“

Sækist eftir endurkjöri sem trúnaðarmaður

Bethsaida er í stjórn Einingar-löju og hefur verið trúnaðarmaður félagsins í ÚA í tvö ár. Hún segist sækjast eftir endurkjöri sem trúnaðarmaður er skipunartími hennar rennur út.

„Það er mikil ábyrgð sem fylgir því að vera trúnaðarmaður á sínum vinnustað. Hlutverk trúnaðarmanns felst fyrst og fremst í því að gæta þess að lög og samningar séu haldnir og vera tengiliður við félagið. Þetta hefur gengið ágætlega, enda hef ég fengið góðan stuðning frá Einingu-löju ef mig vantar einhverja aðstoð. Samskiptin við mína yfirmenn eru góð og öll mál er reynt að leysa í sátt og samlyndi. Bráðum verður kosið í þetta embætti og ég ætla mér að sækjast eftir áframhaldandi störfum. Ég kynnist líka ansi mörgum sem trúnaðarmaður, þannig að þetta gefur mér mikið og þess vegna vil ég gjarnan halda áfram.“

Ekkert að spá í aðra vinnustaði

„Nei, nei, ég er ekkert að spá í að hætta hérna, síður en svo. Mér líður afskaplega vel hjá ÚA og er sem sagt ekkert að spá í aðra vinnustaði,“ segir Bethsaida Rún Arnarson brosandi.

Viðtalið birtist fyrst á vef Samherja og fékk félagið góðfúslegt leyfi til að endurbirta það.



Bethsaida Rún Arnarson.

Óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

SJÓVÁ

Strandgötu 3 - Sími 440 2370

Frábær jólagjöf!

VEIÐIKORTIÐ
2023

Eitt kort
37 vötn
8.900 kr

veidikortid.is

Kræsingar frá Strikinu

Í ár fengum við girnilegar uppskriftir frá starfsfólki Striksins. Logi Helgason, yfirmatreiðslumaður staðarins, sendi inn þessa girnilegu rétti og Helgi Pétur Davíðsson framreiðslumaður bætti um betur og sendi inn mjúka uppskrift af jólalegum drykk.

Strikið er á fimmtu hæð Skipagötu 14 á Akureyri, en þar eru, eins og fram kemur á heimasíðunni þeirra, „tveir salir og er útsýnið frá þeim báðum stórfenglegt þar sem horft er yfir pollinn og út til fjalla. Útsýnið er okkar sérstaða ásamt faglegum vinnubrögðum bæði í mat og þjónustu. Á sumrin bætast við svalirnar okkar og jafnast ekkert á við það að njóta matar og drykkjar úti undir berum himni með útsýni til allra átta.“

Heba Finnsdóttir, eigandi Striksins, segir að staðurinn eigi afmæli í desember og verði 17 ára eftir nokkra daga, nánar tiltekið 22. desember nk. „Frá 19. nóvember sl. höfum við boðið upp á Bunch af Brunch í jólabúning og verður það í boði til áramóta. Brunchinn okkar er mjög vinsæll og finnst gestum okkar mjög skemmtilegt að geta pantað sér smárétti í tvo tíma fyrir eitt verð – gjafabréfin í B&B eru líka frábær jólagjöf,“ segir Heba og bætir við að Helgi sem á uppskriftina af þessum dásamlega mjúka og jólalega drykk bjó einnig til jóladrykkjaseðil staðarins sem inniheldur kokteila eftir hann sjálfan ásamt klassískum jólabjörum.

Strikið býður upp á Take away jólasmáretti á aðventunni og jólamatseðil fyrir stærri hópa þannig það er nóg um að vera hjá þeim á



Logi Helgason, yfirmatreiðslumaður.



Matsalurinn.

Strikinu og ekki má gleyma skötuveislunni sem verður á Þorláksmessu .

Heimasíða staðarins er www.strikid.is

Appelsínuönd

með trönuberja, sveppa og pistasíu fyllingu

5% Þækill
4 ltr. - Vatn
200g - Salt

Aðferð:

Vatn og salt sett saman í skál og hrært þar til saltið er búið að leysast upp. Öndin er lögð ofan í þækilinn og geymt í ísskáp í u.þ.b. 12 klukkutíma og skoluð svo vel með köldu vatni og að lokum þerruð með eldhúspappír.

Kryddolía

200g - Truffluolía
20g - Grænn pipar
20g - Fennel fræ
40g - Anís stjörmur
Salt eftir smekk
Svartur pipar eftir smekk

Aðferð:

Truffluolía, grænn pipar, fennel fræ og anísstjörmur blandað saman í blandara. Kryddolían er svo dreift um alla fleti á öndinni. Svarta piparum og saltinu er svo stráð yfir alla öndina.

Fylling

100g - þurrkuð trönuber
80g - pistasíur
4stk - brauðsneiðar hvítt brauð

2 stk. - skallottulaukur
250g - flúðasveppir
5stk - hvítlauksgeirar
500g - rjómi
100g - eggjarauður

Aðferð:

Skallottulaukur skorinn í smátt, flúðasveppir skornir í teninga, pistasíur létt saxaðar, hvítlauksgeirar rifnir með rifjárnri og brauð skorðið í teninga.

Sveppirnir eru steikur á pönnu með skallottulauk og hvítlauk. Pistasíum og trönuberjum er svo bætt við og í lokin hellt yfir rjóma. Náðið upp suðu. Settu fyllinguna í skál og blandaðu eggjarauðunum saman við. Fyllingin er svo skellt í öndina.

Gljái

300g - hrásykur
100g - Vatn
1 stk. - appelsína
15g - Kóríander
Sriracha (eftir smekk, má sleppa)

Aðferð:

Hrásykur og vatn sett í pott og hitað upp þar til sykurinn er búinn að leysast upp. Safinn kreistur úr appelsínunni. Börkurinn er rifin með rifjárnri. Passa að taka ekki hvíta börkinn með. Kóríander fint skorinn (chiffonade skurður). Sriracha eftir smekk. Appelsínusafa/berki, kóríander og Sriracha er bætt við sykursýrópið við stofuhita.

Eldun

Öndin er undirbúin í þessari röð sem uppskriftirnar eru í. Öndin sett í pækil í 12 klukkutíma, skoluð þerruð. Kryddolíunni er dreift yfir á alla fleti á öndinni og svo stráð salti og pipar eftir smekk yfir hana. Fyllingin er sett í öndina.

Öndin er elduð á 150 gráður í 3 klukkutíma. Ausið safanum á hálf tíma fresti yfir öndina. Eftir 2 klukkutíma er gljáanum penslað yfir öndina, klárið svo eldunartímann. Takið öndina út og "hvílið" hana upp á bekk í 20 mínútur. Á meðan getur þú notað safann úr öndinni og notað í sósu. Svo er það að njóta!

Gráðosta og rífsberjagels rjúpusúpa

(fyrir 8 manns)

4 – stk. heilar og hreinsaðar rjúpur

20 – græn piparkorn

4 – lárviðarlauf

5 – greinar garðablóðberg

Gráðostur eftir smekk

Rífsgerjagel eftir smekk

1 ltr. – Rjómi

4msk – Maísmjöl

100ml – Vatn

Blandað saman í skál

Aðferð:

Beinhreinsaðu rjúpunna (bringu og læri) skerðu í teninga í skál og í ísskáp. Úr rjúpunni skaltu hirða: háls, fóarn (skorið í tvennt fyrir lengra komna), hjarta og skipið, rest skaltu henda. Hitaðu ofninn upp í 180 gráður og ristaðu hér ofan talið á bakka í 20 mínútur. Settu beinin í stóran pott og skafðu af bakkanum með vatni sem fer með í pottinn.

Bættu við grænum piparkornum, lárviðarlaufum og garðablóðbergi og helltu vatni þannig það fljóti yfir beinin.

Sjóðið við vægan hita. Sjóðið niður um helming og sigtið soðið. Soðinu er skellt í annan pott og sett jafnt hlutfall af rjóma á móti.

Náið upp suðu aftur og smakkið til með salti, pipar, rífsberjageli og gráðosti. Passa sig að

setja ekki of mikið í einu. Að lokum getur þú þykkt súpuna ef þú vilt með maísmjöl/vatns blöndu Einnig hægt að þykkja með sósuþykki. Þegar bragðið er í lagi setur þú rjúpu kjötið ofan í og síður í um 5 mínútur.

Jóla Espresso Martini

30 ml Grand marnier

30 ml Espresso

30 ml Bjórsýróp

15 ml Baileys

Öll hráefni sett saman í kokteillhristara, klaka bætt við og hrist ákaflega þar til hristarinn er orðinn vel kaldur. Síðan er klakinn sigtaður í burtu, kokteill settur í glas og skreyttur með súkkulaði spæni.

Bjórsýróp uppskrift

Dökkur jólabjór, tilvalið að nota súkkulaði porterinn frá Kalda.

Jafnir hlutar af bjór og sykri settur í pott, hrært og hitað upp þar til sykurrinn leysist.



Gledilega hátíð

Sparisjóður Höfðhverfinga óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

 SPARISJÓÐURINN
Akureyri - Grenivík

Námskeið á næstunni

Starfslokanámskeið í mars

Á undanföllum árum hefur félagið haldið nokkur námskeið fyrir félagsmenn á aldrinum 63 til 70 ára með það að markmiði að fræða viðkomandi um rétt sinn og að leiðbeina við starfslok. Í fyrra var fyrirhugað að halda slíkt námskeið í samvinnu við SÍMEY, en vegna Covid þurfti að fresta námskeiðinu. Nú er komin ný tímasetning og mun það fara fram í mars nk. á Akureyri.

Fjölbreytt dagskrá hefur verið í boði á þessum námskeiðum. Nánar verður sagt frá námskeiðinu á heimasíðu félagsins þegar dagskrá liggur fyrir en á því verður m.a. fjallað um almannatryggingar, lífeyrismál, heilsu og margt fleira. Félagið hvetur félagsmenn sem eru farnir að huga að því að hætta að vinna að fylgjast með er nær dregur og skrá sig. Skráning mun fara fram í gegnum heimasíðu SÍMEY, www.simey.is

Námskeiðið er eingöngu fyrir félagsmenn í Einingu-löju og er þeim að kostnaðarlausu.

Að standa með sjálfum sér - Námskeið fyrir trúnaðarmenn hjá Einingu löju.

Fyrr á árinu bauð Eining-löja trúnaðarmönnum félagsins upp á frítt námskeið í SÍMEY, Að standa með sjálfum sér. Ágætt þátttaka var á námskeiðinu og voru þeir trúnaðarmenn sem tóku þátt mjög ánægðir með hvernig til tókst



og sögðu að það hefði verið mjög gagnlegt. Námskeiðið stóð yfir í alls sex tíma og var kennt í tveimur hlutum. Leiðbeinandi var Dr. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur.

Nú hefur félagið tekið þá ákvörðun að bjóða aftur upp á svona námskeið og verður það væntanlega í mars.

Aðeins um námskeiðið

Samkeppnin um athygli hefur sjaldan verið jafn hörð og nú. Hvaða leiðir eru færar til þess að koma þér og þínu félagi að í nútímasamfélagi? Á námskeiðinu verður farið yfir nokkur mikilvægt atriði sem geta komið að gagni við að kynna þig og félagið þitt. Hvernig náð þið eyrum yfirmanna? Hvernig undirbýr maður sig fyrir aðalfundinn og hvernig á að svara fjölmiðlafólkinu? Hvað er fréttanæmt hjá félaginu? Skiptir sýnileiki máli? Ávinningurinn er aukinn sjálfstraust og aukin virðing fyrir starfi trúnaðarmanna.

Á námskeiðinu verður m.a. farið yfir eftirfarandi þætti:

- Hver er styrkur ykkar sem trúnaðarmenn?
- Hvers vegna voruð þið valin til trúnaðarstarfa?
- Hvaða eiginleika þarf trúnaðarmaður að

hafa?

- Hvernig undirbúið þið samtalið við yfirmennina?
- Tjáskipti án orða?
- Að tala í pontu – æfingar.
- Sjálfstraustið. Er hægt að byggja það upp?
- Hvaða máli skiptir sýnileikinn?

Margt fleira í boði

Vert er að minnast á að fjölmörg námskeið eru á döfni í SÍMEY á næstunni. Þar má meðal annars nefna námskeið um jákvæða sálfræði, ýmiss konar matreiðslunámskeið, námskeið um vorverkin í garðinum, FabLab námskeið og margt fleira.

Athugið að félagsmenn í stéttarfélagum Einingu-löju, Kili og Sameyki sækja fjölmörg námskeið sér að kostnaðarlausu. Námskeiðin er öllum opin og minnir SÍMEY aðra en félagsmenn þessara félaga á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi.

Fylgist vel með á vef félagsins, www.ein.is, og á www.simey.is þar sem námskeiðin verða auglýst er nær dregur.

Viðhorfskönnun meðal dvalargesta í orlofshúsum og íbúðum

Fyrir þremur árum ákvað stjórn félagsins að kanna meðal félagsmanna, sem voru í íbúð eða í orlofshúsi um sumarið, upplifun þeirra á viðkomandi stað. Mjög góð svörin hefur borist þessi ár og bærust bæði margar ábendingar og hrós til félagsins. Stjórnin ákvað því að vera með slíkar kannanir árlega. Nú liggja niðurstöður ársins fyrir og fengust sem áður góðar upplýsingar.

Í heild komu niðurstöðurnar vel út. Auðvitað koma alltaf ein og ein ábending um eitthvað sem má laga og nú þegar er búið að bregðast við ýmsu er þar kom fram.

Öll svör í þessum könnunum eru órekanleg og ekki er óskað eftir persónuupplýsingum.



Ábyrgðin er þín!

Öllum launagreiðslum skal fylgja launaseðill, hvort sem þú ert fast- eða lausráðinn, í fullu starfi, hlutastarfi eða sumarvinnu. Ef þú færð ekki launaseðil þá er það á þína ábyrgð að biðja um hann.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að félagið sé alltaf að hamma á réttindum og skyldum á vinnumarkaði en vill núna líka minna á ábyrgðina sem við berum sjálf. „Vegna margra mála sem koma inn á borð félagsins ákváðum við að vekja máls á þessu því greinilegt er að of margir eru ekki að átta sig á eigin ábyrgð. Við verðum öll sem eitt að bera ábyrgð á því að fylgjast með að okkar réttur sé virtur. Hvernig gerum við það? Jú, t.d. í gegnum launaseðilinn því upplýsingar sem eiga að koma fram á honum segja okkur ansi margt.

Við berum því sjálf þá ábyrgð að óska eftir

launaseðli ef við fáum hann ekki, skoða hann og skilja. Hvernig ætlum við að sanna okkar rétt eða vita hvort við séum að fá rétt laun ef við getum ekki farið yfir hann? Þarna má líka nefna að vera með ráðningarsamning og skrá niður vinnutíma.”

Skodið vel launaseðilinn

Björn hvetur félagsmenn til að skoða launaseðilinn sinn við hverja útborgun, hvort sem hann er rafrænn eða á pappír. „Launaseðill getur t.d. verið rangur vegna mistaka launagreiðenda en þú áttar þig síður á því ef þú skoðar ekki launaseðilinn. Það er á þína ábyrgð að gera athugasemd og fá leiðréttingu strax ef eitthvað er að. Erfiðara getur verið að fá leiðréttingu ef langur tími er liðinn. Mikilvægt er að geyma launaseðla, því með þeim getur þú sannað þinn rétt.”

Ekki hika við að hafa samband

Björn segir að það sé líka mikilvægt að vita á hvaða launum þú átt að vera. „Það er á þína ábyrgð að kanna hvort þú fái rétt laun miðað við samninga. Hefur þú kannað það? Ekki hika við að hafa samband við félagið ef eitthvað kemur upp á eða ef einhver óvissa er til staðar. Þá munum við skoða málið með þér og hafið í huga að öll mál sem koma til félagsins eru trúnaðarmál. Félagsmaður þarf alltaf að veita samþykki sitt til að mál fari áfram í ferli ef þörf krefur.”

Ábyrgðin er þín að biðja um, fara yfir og skilja launaseðilinn og vita á hvaða launum þú átt að vera og biðja um leiðréttingu ef þörf krefur.

VelVirk – Jólin

Jólin eru tími gleði og eftirvæntingar hjá flestum og tengjast dýrmætum minningum úr æsku. Aðdragandi þeirra er oftast ljúfur, en þau eru jafnframt býsna stór viðburður og krefjast undirbúnings. Foreldrar með ung börn hafa mikið á sinni könnu, sérstök dagskrá tengd skólanum, föndur, bakstur og aðstoð við jólasveininn svo nokkuð sé nefnt.

En það er ekki nóg að sinna gjafainnkaupum, hreingerningu, skreytingum og flókinni matargerð á heimilinu, heldur er óvenju mikið um að vera í félagslífinu, margir fara á tónleika eða aðra listviðburði, í heimsóknir og hlaðborð

með vinum, eða útbúa konfekt og laufabrauð með stórfjölskyldunni. Jólin teygja sig líka inn á flesta vinnustaði, það þarf að skreyta, kaupa leynivínagjafir og skrítnar peysur, sækja jólahlaðborð og aðrar uppakomur.

Flest af ofangreindu er skemmtilegt og gefandi, en oft verður þetta aðeins of mikið og við finnum fyrir streitu sem stigmagnast fram yfir jóladag. Síðustu jól voru frábrugðin því sem við áttum að venjast, minna var um viðburði og meiri ró yfir öllu. Hver veit nema sú reynsla hafi kennt okkur sitthvað um látlausara jólahald.

Á heimasíðunni VelVirk.is má finna nokkur ráð sem gætu komið að gagni fyrir jólin.



Desemberuppþót 2022



Eining-löja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppþót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppþótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppþótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 98.000,

miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppþót greidda 1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppþótar samkvæmt kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga er kr. 124.750, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppþót greidda 1. desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppþótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Miscellaneous information

Why have Trade unions?

The role of trade unions is first and foremost to conduct negotiations on wages and other work-related conditions in the agreements on behalf of their members and to look after their interests on the labour market.

MAKE SURE THAT YOUR RIGHTS ARE IN ORDER

PLEASE NOTE! It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-löja, tel. 460 3600 – ein@ein.is, if you need assistance. www.ein.is

www.ein.is is in 12 languages

By using the Google translation button, which has been placed at the top right of the union's website www.ein.is, it is possible to view the site in 12 languages. Once you have selected a language, all the text that can be found on the website in the relevant language will be displayed.

December bonuses

Eining-löja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as full-time employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus.

According to the wage contract concluded with the Municipal Wages and Salaries Commission, the December bonus is kr. 124,750.

According to Eining-löja contracts with the State, the December bonus is kr. 98,000.

According to Eining-löja contracts on the general labour market, the bonus is kr. 98,000.

State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.

Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vaca-

tion until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-löja that they have six good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafljarðarsveit, Svignaskarð in Borgarfirði and Einarstaðir in Fljótshálsa as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík/Kópavogur. The autumn and winter rents cover the period from 1 September to 1 June.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.



Health fund

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example it is possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 438,000.

The payments for the membership in a

gym are about 35% of the bill, highest kr. 23,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 50,000 every three years. Payments for buying hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 60,000 every three years.

Please remind!

Meetings of the administrative council of the health fund Eining-löja is held once a month. Cases which have to be decided about in the meeting have to be brought to the office at last every 24th of each month. Requests for all payments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy, massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

Study grants!

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-löja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-löja urges its members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds Landsmennt (Landsmennt.is), Sveitamennt (Sveitamennt.is) and Ríkismennt (Rikismennt.is).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 130,000 per year although it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work.

Members who have not used their right of fund for the last three years, are entitled to a grant of up to 390,000-for one continuous study/course compared to the Fund's policies.

Travel costs for the study can most become 130,000-as part of the training/course cost in this case.

Grants for Icelandic language study

Members who have a different native language can apply for a refund of up to 90% (Landsmennt, Ríkismennt and Sveitamennt) for the cost of an Icelandic language course, providing they have been members for at least 1 month.

Betri vinnutími í vaktavinnu á opinbera markaðinum

Tæplega 240 fulltrúar launafólks og launagreiðenda komu saman í Reykjavík í byrjun nóvember á vinnufundi um Betri vinnutíma í vaktavinnu á opinbera markaðinum til að bera saman bækur, greina hvaða lærdóm má draga af vinnutímabreytingunum og ræða hvar helstu áskoranir og tækifæri liggja. Þar á meðal voru fjórir fulltrúar frá Einingu-löju; Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, Arnór Sigmarsson, lögfræðingur og þjónustufulltrúi hjá félaginu, Guðbjörg Helga Andrésdóttir, formaður Opinberu deildar félagsins og trúnaðarmaður á þjónustukjarna hjá Akureyrarbæ og Auður Íris Eiríksdóttir trúnaðarmaður hjá Heilsu-vernd-Hlíð.

Dagskráin hófst með ávarpi Aðalsteins Leifssonar ríkissáttasemjara. Þá fór verkefnastjórn Betri vinnutíma yfir vinnutímabreytingarnar, innleiðingu og eftirfylgni og Kolbeinn Guðmundsson, formaður matshóps, kynnti niðurstöður þeirra mælinga sem farið hafa fram til þess að meta áhrif verkefnisins. Á meðal dag-

skrárlíða voru líka reynslusögur af innleiðingu styttingar vinnuvikunnar frá fimm mismunandi aðilum.

Hópavinna og borðumræða

Aðalvinna fundarins fór fram í hópavinnu og borðumræðum þar sem rætt var um einstaka þætti vinnutímabreytinganna, hvaða lærdóm mætti draga af ferlinu, hvað hafi gengið vel og hvað ekki og hvert virðið væri fyrir starfsfólk, vinnustaði og samfélagið. Samið var um vinnutímabreytingar í vaktavinnu í fylgiskjali með kjarasamningum veturinn 2019-2020. Breytingarnar, sem ásamt styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu, eru þær mestu sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði í áratugi. Það sem einkennir vaktavinnuverkefnið er víðtækt samstarf og samvinna þvert yfir allan opinbera vinnumarkaðinn, bæði við kjarasamningsborðið og í allri innleiðingu og eftirfylgni.


Í samningunum var einnig samið um að fyrir lok samningstímans myndu aðilar leggja sameiginlegt mat á verkefnið og hvort gera þyrfti einhverjar breytingar á kjarasamningsákvæðum varðandi vaktavinnu inn í framtíðina.

Vinnustofan var mikilvægur liður í þessu mati.

Vikurnar eftir vinnufundinn voru notaðar til að taka saman niðurstöður vinnustofunnar og í framhaldinu mun stýrihópur verkefnisins, þar sem sitja fulltrúar allra heildarsamtaka launafólks, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og allir opinberir launagreiðendur, taka niðurstöður til umfjöllunar.

Fljótlega eftir áramót kemur út skýrsla um verkefnið sem mun nýtast í komandi kjarasamningaviðræðum við ríki og sveitarfélög þar sem þarf að semja endanlega um vinnutímabreytingar.

Á heimasíðunni betrivinnutimi.is má finna ýmsar fréttir og fróðleik um styttingu vinnuvikunnar hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga.



Fundur var haldinn í aðalstjórn Einingar-löju í byrjun nóvember og fór hann fram á Illugastöðum í Fnjóskadal þar sem félagið á 14 orlofshús. Fjöldmörg mál voru á dagskrá, m.a. var rætt um stöðuna í samningamálum, farið yfir niðurstöður kannana vegna sumarleigu orlofshúsa og íbúða og fleira. Fundurinn fór fram í húsi félagsins nr. 18 og var fyrsta mál á dagskrá að skoða húsið, en flestir stjórnarmenn voru að sjá það í fyrsta sinn eftir að framkvæmdum lauk sl. vor. Eins og sést á myndinni þá fór vel um þá stjórnarmenn sem mættu á fundinn í stofunni í húsi nr. 18.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings. Einstaklingur sem óskar eftir þjónustu VIRK þarf að byrja á að panta tíma hjá lækni og ræða við hann hvort starfsendurhæfing hjá VIRK sé raunhæfur kostur.

Ráðgjafar í Eyjafirði

Fjórir ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði; Helga Þyri Braga-



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

dóttir, helgabraga@ein.is, sem jafnframt er verkefnastjóri svæðisins, Kristín Guðmundsdóttir, kristin@ein.is, Nicole Kristjánsson, nicki@ein.is og Svana Rún Símonardóttir, svana@ein.is. Þær eru starfsmenn Einingarlöju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu, og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Hægt er að ná í ráðgjafana í síma 460 3600. Eining-löja fær endurgreiddan frá VIRK allan kostnað vegna þessara starfsmanna, þar á meðal vegna launa og húsnæðis.

Ráðgjafar eru með fasta viðveru á skrifstofum Einingarlöju í Fjallabyggð og Dalvík á þriðjudögum.

Atvinnulífstengill

Ágúst Sigurður Óskarsson starfar sem Atvinnulífstengill hjá VIRK. Hann er starfmaður Framsýnar, en starfar fyrir öll stéttarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Hann er með aðsetur á skrifstofu FVSA á 3. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri einn til tvo daga í viku. Hann er með síma 464 6608 og netfangið virik@framsyn.is

Nánari upplýsingar um VIRK má fá á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs, www.virik.is.

Kíkt í Flateyjardal

Laugardaginn 27. ágúst fór Eining-löja með félagana sína í dagsferð út á Flateyjardal. Lagt var af stað frá Alþýðuhúsinu á Akureyri kl. 9 um morguninn í tveimur rútum. Ferðalangar þurftu sjálfir að nesta sig fyrir daginn, fyrir utan að boðið var upp á grillmat. Tveir leiðsögumenn voru með í för og tókst ferðin mjög vel, þrátt fyrir að önnur rútan hafi náð að festa sig tvisvar í ferðinni. Á heimasíðu félagsins má sjá fleiri myndir úr ferðinni

Með fylgja vísur sem Davíð Hjalmar Haraldsson samdi um ferðina.

Óskar Þór var leiðsögumaður í öðrum bílnum.

*Óskar Þór er gæddur gáfusvip
en grínast löngum. Sá er ekki stúrin!
Hann talaði um skemmtiferðaskip
og skemmti sér við þetta allan túrinn.*

Ferðafélagarnir voru nær allir í eldri kantinum. Voru þeir orðnir tæpir þegar komið var að fyrsta stansi af „tæknilegum ástæðum“, var það í Heiðarhúsum. Þarna voru fáar snyrtingar og lítið rennandi vatn en hópnum lá á. Björn formaður og fararstjóri, skörulegur að vanda, vísaði kvenfólki í spreng á bak við eitt afhýsi. Körlunum vísaði hann á bak við annað afhýsi að hann sagði. Eitthvað fór þó úrskaiðis, eða ekki.

*Bak við hús varð hÍ og fruss
er hópnum lenti saman,
þetta fór allt þvers og kruss
en þótti bara gaman.*



Leiðsögumaður lýsti því í upphafi ferðar að annar bílstjórnanna væri sérlega skemmtinn og spaugsamur gleðimaður. Þessi sami bílstjóri festi bílinn í sandi út við sjó.

*Ekíllinn hló og hann hló
og hló þarna úti við sjó
er bíllinn hann festi
(með bokku í nesti?)
og annar bíll upp úr hann dró.*

Eftir langa mæðu tókst með góðri aðstoð ferðafélaga að losa bílinn. Fljótlega festist bíllinn þó aftur, nú í lækjarskoringi. Þetta hafa ólygnir eftir bílstjóranum:

*„Ferðalög Einingar þekkir öll þjóðin,
þar finnst sá kraftur
og það varð slíkt fjör þegar festi ég skjóðinn
að ég festi hann aftur.“*

Annar leiðsögumaður hópsins lýsti örnefnum um heiði og dal.

*Hún benti um lautir, á brekkur, um sveit,
á bala og urt sem þar grer,
en um hvað hún talaði ekki neinn veit;
í okkur hún bakinu sneri.*

Eining-löja gaf hópnum dýrindis grillkjöt barna út við ystu höf og hver sem vildi gat týnt sér ber og fjallagrös í mounum.

*Náttúran var indæll allt um kring
með ætigrös en fjallavatn í pollum
og hvarvetna er Björn sá berjalyng
beit' ann hópnum líkt og spjararrollum.*

En forráðamenn hópsins höfðu einmitt útskýrt myndrænt og af nákvæmni merkingu gamalla og torskildra orða, orða á borð við spjararrolla.

Eining-löja fær bestu þakkir fyrir frábæra ferð í himnesku veðri. DHH

Nýr umsjónarmaður á Illugastöðum

Mikil tímamót urðu á Illugastöðum í Fnjóskadal í lok október sl. Þegar hjónin Jón Þórir Óskarsson og Hlíf Guðmundsdóttir létu formlega af störfum í Orlofsbyggðinni eftir tæplega 50 ára störf fyrir stéttarfélagin.

Á síðasta aðalfundi byggðarinnar sem fram fór í vor sagði formaður stjórnar byggðarinnar, Björn Snæbjörnsson, m.a. eftirfarandi í tilefni þessara tímamóta. „Það er í hugum margra að orlofsbyggðin á Illugastöðum séu Jón og Hlíf. Það er ekki hægt að koma því í orð hvað við erum þeim hjónum þakklát fyrir allt sem þau hafa gefið í þessa byggð. Verið vakandi og sofandi yfir öllu sem hefur verið að gerast og haft mikinn metnað að allt sé eins gott og hægt er. Við óskum þeim velfarnaðar í hinu eilífðar sumarfrí sem er framundan hjá þeim.“

Nýir staðarhaldarar eru Þórólfur Egilsson og Sigrún Kristbjörnsdóttir. Þórólfur hefur starfað með Jóni og Hlíf í byggðinni síðastliðin þrjú ár og tekur nú við sem umsjónarmaður og Sigrún



F.v.: Jón, Hlíf, Sigrún og Þórólfur.

verður í hálfu starfi hjá Orlofsbyggðinni. Stjórn byggðarinnar ákvað líka að ráða Sindra Heiðmann sem aðstoðarmann umsjónarmanns. Sindri hefur unnið á Illugastöðum undanfarin

sumur og þekkir þar alla staðhætti mjög vel. Eining-löja á 14 hús í byggðinni, en í byggðinni eru alls 31 hús.

Ferðaávisun

Á orlofsvef félagsins geta félagsmenn keypt ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á fjölmörgum hótélum og gistiheimilum um allt land. Nú er líka hægt að nota ferðaávisunina upp í gönguferðir, en búið er að semja við Ferðafélag Íslands, Útivist og Fjallafjör um að taka við Ferðaávisun stéttarfélagana. Félagsmenn njóta sérkjara á völdum ferðum en einnig má nota Ferðaávisun upp í hvaða ferð sem er á vegum þessara fyrirtækja.

Félagsmenn skrá sig inn á orlofsvef Einingar-löju og kaupa þar ferðaávisun sem hægt er að nota upp í gönguferðir eða gistingu á tugum hótela og gistiheimila í öllum landsfjórðungum, án þess að festa dagsetningu dvalarinnar. Þeir velja upphæð ávisunarinnar og greiða fyrir. Þeir bóka því næst gistingu á þeim stað sem þeim hugnast en herbergi, þjónusta og verð er breytilegt á milli gististaða. Félagið niðurgreiðir gistinguna um 20% af valinni upphæð. Niðurgreiðslan getur að hámarki verið 15.000 krónur á hverju almanaksári.

Margt í boði

Í boði er allt frá einfaldri gistingu á litlum gistiheimilum upp í vegleg hótélherbergi með fullri þjónustu og dýrindis morgunverði. Einnig er hægt að velja upphæð að eigin vali, til dæmis 5.000 eða 15.000 krónur, og nota hvar sem er þegar land er lagt undir fót. Ávisunin veitir aðgang að bestu tilboðum þessara hótela og gistiheimila. Valið er þitt.

Ef umrætt hótél eða gistiheimili er fullt, eða ef ferðaáætlunin tekur breytingum þegar nær ferðinni dregur, er hægt að nota ávisunina hjá hvaða samstarfsaðila sem er, hvenær sem gistiþláss er laust og með hvaða tilboði sem er. Þannig hafa félagsmönnum verið tryggð bestu hugsanlegu kjör og útilokað að þeir fari á mis við betri tilboð.

Á heimasíu félagsins má finna nánari upplýsingar um ferðaávisunina, m.a. spurningar og svör um hana.

Ekki hika við að hafa samband ef þig vantar aðstoð.

Ávisun á frábært frí

Á orlofsvef Einingar-löju geta félagsmenn keypt ferðaávisun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á hótélum og gistiheimilum um allt land.

Sjá nánar á www.ein.is



EINING-IÐJA STENDUR VÖRD UM RÉTTINDI ÞÍNI!

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

37. þing Alþýðusambands Norðurlands

77 fulltrúar, frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu 37. þing Alþýðusambands Norðurlands sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal 30. september og 1. október sl., þar af voru 40 frá Einingu-löju. Þingið var í fyrsta sinn pappírslaut og tókst það í alla staði mjög vel.

Fjölmarginir gestir mættu á þingið og voru með erindi. Helga Þyri Bragadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK í Eyjafirði, fjallaði um VIRK starfsendurhæfingarsjóð og starfsemi hans. Ellen Jónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Vinnuálastofnunar á Norðurlandi eystra og Austurlandi, fjallaði um Vinnuálastofnun – stöðu og framtíðarsýn. Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska ehf., fjallaði um stöðu og framtíð í kjötvinnslu á Íslandi. Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, sagði frá félaginu og hvað væri á döfinni hjá þeim. Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa, fjallaði um lífeyrismál.

Þá sögðu fjórir trúnaðarmenn frá starfi trúnaðarmannsins og viðhorfinu til þess. Þetta voru þær Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir og Sigríður Þórunn Jósepsdóttir, sem eru í Einingu-löju, Sírý Laxdal, sem er í FVSA og Guðmunda Steina Jósefsdóttir, sem er í Framsýn.

Í lok fyrri dags var unnið í hópum þar sem fjallað var um samvinnu og samstarf Alþýðusam-



Ný stjórn AN. F.v.: Atli, Guðný, Aneta, Anna, Vigdís Edda og Trausti.

bands Norðurlands við Orlofsbyggðina á Illugastöðum. Í upphafi vinnunnar fjallaði Trausti Jörundarson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, aðeins um samvinnuna og samskiptin. Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir og Guðrún Edda Baldursdóttir, frá ASÍ, stjórnðu vinnunni sem var með þjóðfundarfyrirkomulagi. Niðurstöður hópavinnu og atkvæðagreiðslu um hana voru kynntar að morgni föstudagsins.

Ný stjórn AN

Anna Júlíusdóttir, frá Einingu-löju, var kjörin nýr

formaður AN til næstu tveggja ára. Með henni í stjórn eru Aneta Potrykus, frá Verkalýðsfélagi Þórshafnar, sem er varaformaður stjórnar og Atli Hjartarsson, frá Öldunni stéttarfélagi, sem er ritari stjórnar. Varamenn í stjórn eru Vigdís Edda Guðbrandsdóttir, frá Samstöðu, Guðný Grímsdóttir, frá Framsýn, og Trausti Jörundarson, frá Sjómannafélagi Eyjafjarðar.

Félagið þakkar félagsmönnum sem sáu sér fært að mæta fyrir hönd Einingar-löju sem þingfulltrúar á þetta AN þing.

Laun um jólin

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsfólki yfirvinnu eða eftir atvikum álag á stórhátíðum, en þeir dagar sem slíkt gildir um eru:

Aðfangadagur eftir kl. 12, jóladagur, gamlársgdagur eftir kl. 12 og nýársdagur.

Öll vinna á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi, sem er 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Fyrir yfirvinnu á öðrum frídögum skal greiða 80% álag á dagvinnutímakaup eða 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Annar í jólum telst almennur frídagur.

ATH! eftir vinnutímastyttinguna þá gildir önnur regla varðandi vaktavinnu fyrir starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum. Breytingar sem urðu frá 1. maí 2021 má t.d. sjá á vefnum www.betrivinnutimi.is

Réttindi vaktavinnufólks um jólin á almennum vinnumarkaði

Yfir jólahátíðina þarf að huga vel að því að réttindi starfsfólks séu virt, sérstaklega þeirra sem vinna í vaktavinnu á hótelum og veitingahúsum. Helstu brotin yfir hátíðarnar snúa að því að fólk fái ekki vinnu í samræmi við starfshlutfall og að breytingum á vaktaplani.

Vaktavinnufólk sem vinnur skv. kjarasamningi SGS og SA vegna hótél- og veitingahúsa ætti að hafa þessi atriði í huga yfir hátíðarnar:

Vaktir þurfa að endurspeglar starfshlutfall í ráðningarsamningi.

Ekki má breyta vöktum eða taka af vaktir ef það skerðir starfshlutfall og hefur þ.a.l. neikvæð áhrif á laun.

Ef fyrirtæki lokar yfir hátíðarnar þarf að tilkynna starfsfólki um það með a.m.k. mánaðar

fyrirvara. Æskilegt er að þessi ákvörðun liggi fyrir eigi síðar en 1. apríl. Að öðrum kosti á starfsólk sem þegar hefur tekið orlofið sitt hugsanlega rétt á launum á meðan lokað er.

Starfsfólk í vaktavinnu á að fá greitt álag á stórhátíðardaga og aðra frídaga um jólin.

Frídagar um jól og áramót eru:

Aðfangadagur eftir kl. 12.00 – 90% álag

Jóladagur – 90% álag

Annar í jólum – 45% álag

Gamlársdagur eftir kl. 12.00 – 90% álag

Í vaktavinnu eru til tvær reglur um greiðslur á þessum dögum. Annars vegar hjá þeim sem fá vetrarfrí og svo hjá hinum sem ekki eru með vetrarfrí. Nánar má fræðast um þessar greiðslur hjá félaginu, t.d. á www.ein.is.

Fjölsmiðjan 15 ára

Fjölsmiðjan á Akureyri var stofnuð 9. júlí 2007 og hófst starfsemi við endurbætur á húsnæði við Óseyri 1a í september sama ár. 8. mars 2008 var húsnæðið formlega opnað eftir endurbætur, en vorið 2014 flutti Fjölsmiðjan í stærra húsnæði við Furuvelli 13 og er þar enn til húsa. Stofnaðilar Fjölsmiðjunnar voru Rauði krossinn, Akureyrarbær, Vinnumálastofnun, Eining-löjla og FVSA.

Fjölsmiðjan á Akureyri varð því 15 ára sl. sumar og hefur starfsemin eflst og dafnað vel frá upphafi. Yfir 400 ungmenni hafa fengið þar vinnu á meðan þau eru að skoða aðra náms- og starfsmöguleika. Nú starfa þar daglega 20 til 25 einstaklingar undir stjórn fjögurra verkstjóra.

Fjórir verkþættir í boði

Erlingur Kristjánsson er forstöðumaður Fjölsmiðjunnar og segir að vinnan þar sé fjölbreytt og tengist fjórum verkþáttum sem í boði eru, þ.e. nytjamarcaði, bílaþvottastöð, mótuneyti og rafeindamarkaði. „Nytjamarcaðurinn er mjög vinsæll hjá bæjarbúum og nærsveitungum. Al-

menningur er mjög duglegur að kaupa vörur og gefa hluti sem þeir þurfa að losna við. Það er alltaf hægt að hringja og gefa okkur húsgögn og húsbúnað og við komum og sækjum hlutina. Fjölsmiðjubíllinn er á ferðinni alla daga að sækja vörur og senda aðrar. Í byrjun nóvember settum við fram jólasakrautið okkar og þar kennir ýmissa grasa,” segir Erlingur.

Þá segir hann að bílaþvottastöðin gangi vel og að fullt sé að gera flesta daga. „Í tíðarfari eins og hefur verið undanfarið getum við ekki annað eftirspurn og í aðdraganda jólanna komast að færri en vilja. Mötuneytið er fyrir starfsfólkið okkar og einnig getur almenningur komið og borðað í hádeginu venjulegan heimilismat þar sem aðeins er einn réttur í boði í hvert sinn. Mötuneytið okkar er ekki stórt en ákveðnir fastagestir mæta í mat sem seldur er á hóflegu verði. Ef um stærri hópa er að ræða þarf að panta fyrirfram,” segir Erlingur og bætir við að nýlega var opnað rafeindaverkstæði í Fjölsmiðjunni, „þannig að almenningur getur komið með síma, tölvur eða önnur smærri raf-tæki í viðgerð. Einnig er þar áfram unnið að endurvinnslu á tölvum eins og við höfum gert

frá upphafi. Við tökum þær í sundur og flokkum í ákveðna flokka til endurvinnslu. Því hvetjum við fólk til að koma með tölvuna til okkar þegar á að endurnýja og skiptir engu hvort tækin eru í lagi eða ólagi, jafnvel ónýtt.”

Allir velkomnir í heimsókn

Ungmennin sem vinna í Fjölsmiðjunni fá greidd laun samkvæmt kjarasamningum við Eining-löjlu og njóta lögbundinna réttinda þar. „Framtíð Fjölsmiðjunnar virðist björt sem eitt af þeim úrræðum sem ungmennum standa til boða eftir að grunnskóla lýkur. Til að fá vinnu í Fjölsmiðjunni er mögulegt að ræða beint við starfsfólkið á staðnum, tala við Vinnumálastofnun, eða Félagsþjónustu Akureyrarbæjar,” segir Erlingur og bætir við að Akureyringar og nærsveitungar séu alltaf velkomnir í heimsókn, „hvort sem það er til að skoða aðstöðuna, líta á nytjamarcaðinn eða koma í hádegismat.”

Fjölsmiðjan er til húsa í Furuvöllum 13 og er síminn 414 9380. Upplýsingar um Fjölsmiðjuna má finna á heimasíðunni fjolsmidjan.com eða Facebook síðu Fjölsmiðjunnar.

Trúnaðarmannanámskeið á vorönn

Vert er að benda trúnaðarmönnum á að búið er að raða niður trúnaðarmannanámskeiðum fyrir vorönn. Félagsmálaskóli alþýðu sér um námskeiðin, en hann er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við verkefni sem þeim eru falin, að þeir efli sjálfstraust sitt og lífsleikni auk þess að námið stuðli að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Hlutverk skólans er að auka þekkingu talsmanna stéttarféлага og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks.

Er nær dregur námskeiðum verða send bréf á þá trúnaðarmenn sem geta skráð sig á viðkomandi námskeið. Námskeiðin fara fram í sal Einingar-löjlu, Skipagötu 14 á Akureyri.

Vorönn 2023	
Hluti 1	22. til 24. mars
Hluti 2	26. til 28. apríl
Hluti 3	25. til 27. janúar
Hluti 4	15. til 17. febrúar



Trúnaðarmenn Einingar-löjlu eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn.

Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og

samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsgöðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

Ef það er ekki trúnaðarmaður á þínum vinnustað hafðu þá samband við skrifstofu Einingar-löjlu og við skipuleggjum kosningu.

Różne informacje

Rola związków zawodowych

Rolą związków jest przede wszystkim negocjowanie w imieniu swoich członków umów zbiorowych w których określone są zasady wynagrodzeń i warunków pracy, a także czuwanie nad ich interesami na rynku pracy.

Strona jest w 12 językach

Za pomocą przycisku tłumaczenia Google, który został umieszczony w prawym górnym rogu strony internetowej firmy www.ein.is, możliwe jest przeglądanie strony w 12 językach. Po wybraniu języka wyświetlany jest cały tekst, który można znaleźć na stronie internetowej w odpowiednim języku.

Dodatek grudniowy (świąteczny) 2022 (Desemberuppbót)

Związek zawodowy "Eining-Iðja" pragnie przypomnieć swoim członkom, że zgodnie z umowami o pracę mają oni prawo do wypłaty specjalnego dodatku wypłacanego wraz z pensją grudniową. Wysokość specjalnego dodatku do pensji grudniowej zależy od:

- a) zapisów szczegółowych w umowach zbiorowych
- b) stażu pracy
- c) wymiaru godzin w jakich pracownik jest zatrudniony (tzn. np. 100% etatu, 50% etatu, 75% etatu itd.)

Wyżej wymieniony dodatek ma być wypłacony jednorazowo w całości, ale nie jest do niego doliczany dodatek urlopowy (orlof) tak jak do innych wynagrodzeń za pracę.

Wysokość specjalnego dodatku grudniowego w oparciu o umowy zbiorowe zawarte z przedstawicielami komisji do spraw wynagrodzeń utworzonych przez zarządy lokalne wynosi 124.750 koron natomiast umowy zawarte między przedstawicielami związków zawodowych "Eining-Iðja", a przedstawicielami rządu, zgodnie z umowami zbiorowymi obowiązującymi na powszechnym rynku pracy, zapewniają wypłatę specjalnego dodatku grudniowego w wysokości 98.000 koron islandzkich.

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być wypłacony nie później niż do 15 grudnia. Wszystkim pozostałym, włącznie z pracownikami pracującymi dla zarządów lokalnych powyższy dodatek ma być wypłacony w grudniu zgodnie z obowiązującymi ich przepisami wynikającymi z umów o pracę w danym sektorze zatrudnienia.

Fundusz chorobowy

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płacenia składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.: przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby

współmałżonka, wizyt u masażyisty i fizykoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do karnetów na siłownię, kupna aparatu słuchowego i szkielek do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 400.000 kr. Dopłata do karnetu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 23.000 koron w każdym roku kalendarzowym. Dopłata przy kupnie szkielek do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 50.000 koron co 3 lata. Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 60.000 koron co 3 lata.

Proszę zwrócić uwagę !

Zebranie zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 24 dnia danego miesiąca. Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podać o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizykoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

Pamiętajcie o dofinansowaniu na nauce!

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczęszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek: Landsmennt (www.landsmennt.is) - Krajowy Ośrodek Doksztalcania, Sveitamennt (www.sveitamennt.is) - Regionalny Ośrodek Doksztalcania i Ríkismennt (www.rikismennt.is) - Rządowy Ośrodek Doksztalcania.

Landsmennt jest funduszem na doksztalcanie się stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgreinasambands Íslands). Sveitamennt jest funduszem pracowników administracji regionalnej na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 130.000 przez Landsmennt, przez Ríkismennt i Sveitamennt. Landsmennt, Sveitamennt i Ríkismennt pokrywa do 75% kosztów kursu.

Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą do Ríkismennt lub Sveitamennt mogą starać się o

90% dofinansowanie 150-godzinnego kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego "Eining-Iðja" oferuje się możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych w okresie pozaurlopowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wypoczynkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) Svignaskarð w Borgarfjörður
- 4) Einarstaðir w Fljótsdalshérað
- 5) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Hofuðborgarsvæðið (Reykjavík, Kópavogur).

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek

nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12- dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy –

obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku "Eining-Iðja" numer telefonu 460 3600 ein@ein.is, jeśli zaistnieje taka konieczność.



KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



Now also in English



Teraz także w języku polskim



Vetrarleiga orlofshúsa

Félagsmönnum Einingar-löju standa til boða fimm góðir valkostir í orlofsmálum yfir vetrartímann. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, Einarsstöðum á Héraði og Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig í orlofsíbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu. Vetrarleigan hófst 1. september sl. og stendur til 1. júní nk.

Hafið eftirfarandi í huga:

- ▶ Auðveldast er að panta á Orlofsvef félagsins, en auðvitað er hægt að hringja í skrifstofur félagsins og panta hús eða bústað.
- ▶ Þegar opnað er fyrir vetrarleigu á Orlofsvefnum er hægt að panta íbúðir og hús alveg fram að sumarleigu. Allur veturinn er undir.
- ▶ Ekki þarf að sækja sérstaklega um jól eða páska, en þá eru einungis vikuleigur í boði.

- ▶ Punktur er ekki dreginn af vetrarleigu.
- ▶ Þeir sem áhuga hafa á að leigja hús á Einarsstöðum á Héraði er bent á að hafa samband við staðarhaldara í síma 861 8310 milli kl. 9 og 16 virka daga eða senda tölvupóst á ainersstaðir@simnet.is, en hann sér um að leigja út hús á tímabilinu 1. október til 1. maí ár hvert. Varðandi tímabilið 1. maí til 2. júní 2023 þá verður hægt að leigja á því tímabili í gegnum orlofsvef félagsins.

Umsjónaraðili með íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu sér um að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofum félagsins og í síma 460 3600. Einnig má senda póst á netfangið ein@ein.is

JÓLAKROSSGÁTAN

Gerður er skýr greinarmunur á grönnumog breiðum sérhljóðum. - Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.



Reitir 1-26 Málsháttur					1	2	3	4	5	6	7		
	17			√ Matar- Stell		Leðjan	√		√ Snædd		8		
→				Hita		Kindur	→			Hjálp	✓ 9		
Slæip	Hólmi				22	Trana							
	Meist- ara					Afli							
Góð- málmim							3				10		
Númer	16			Óbreytt					19		11		
Ylinn				Að auki									
↳	21			Gráðu					Klæða gegn kúlda		12		
Bad- staður							4	Tónn			13		
								Fagnadar- öp					
BB	↓	Ólæst Gang- þófar	Runur Maður Sólguð	Málmur Meira	Enduðu Skinn 51		5				14		
Inn- gangur											✓ 15		
						Hirðifil Blettur Ávöxtur	✓			Veislur- matur			
Dýr Fyrir- lestur			2					Hrakti Sóða út Manns			16		
Horfin											✓ 17		
Audæfi					Hjót- færi Prang	23				Nett- ara	6		
↳				8	Spraut- aðir	Mála Hjóta						18	
Kopar	7	✓		Önuga Fram- orðið						Klæki Suða Seinkun	10	19	
Glags- andi			✓			18	Raut- aldin	✓	Enn þá	15		Ekki djúpa	20
Fannst	↳									14		✓ 21	
Strengt Söng- hópur			20								12		22
Grunadi		9				Krauma						25	23
Borðandi						Glöð					Óhljóð		
↳		Um það bil			13					✓			24
		Pipa	✓				Óran						
Rydjud			26		Slags- mál			11	Rán- fugl				25
Snepil	↳												
	1			Rendi			ýkjur			24			26

Jólaþrossgátan

Skrifið lausnina á blað, (reitir 1 til 26, málsháttur) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 9. janúar 2023. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- Verðlaunakrossgáta -
Skipagötu 14
600 Akureyri

Veitt verða tvenn peningaverðlaun

Kr. 20.000,-
Kr. 10.000,-

Ekki segja upp í veikindum

- Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi -

Það eru því miður nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-löju eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-löja beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.

Það hefur þrengt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óafsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt.

Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-löju áður en skrifað er upp á starfslok.

Verðlaunagetraun

Hvað heitir ritari í stjórn Matvæla- og þjónustudeildar félagsins?
(Svarið má finna á www.ein.is)

Tryggvi Jóhannsson
Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir
Steinþór Berg Lúthersson

Anna Guðrún Ásgeirsdóttir
Börkur Þór Björgvinsson
Sigríður Jósepsdóttir

Skrifið lausnina á blað og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 9. janúar 2023. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- Verðlaunagetraun -
Skipagötu 14
600 Akureyri

Veitt verða tvenn peningaverðlaun

Kr. 20.000,-
Kr. 10.000,-

facebook

Hvernig væri að gefa okkur eitt like





Styrkur þinn til náms

- Landsmennt er fræðslusjóður samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun beint til fyrirtækjanna sjálfra.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.landsmennt.is



Landsmennt



Þín leið til fræðslu

- Sveitamennt styrkir starfsmenntun beint til sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.sveitamennt.is



Sveitamennt



Menntun skapar tækifæri

- Ríkismennt styrkir starfsmenntun beint til stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.rikismennt.is



Ríkismennt



Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfélaga
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélagin um afgreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á www.sjomennt.is



Sjómennt

NÝSMÍÐI VIÐHALD BREYTINGAR



Óskum viðskiptavinum okkar

gleðilegra jóla

og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



SKG
VERKTAKAR

ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐI